



Dansfélagið Vefarinn var formlega stofnað í nóvember 2004. Skráðir félagar eru í dag 35 á aldursbilinu 30 til 70 ára. Sýningarhópurinn er einnig á öllum aldri. Starfssvæði félagsins er Akureyri og nágrenni. Sjá: <http://www.vefarinn.blogg.is> Markmið félagsins er að viðhalda þekkingu sem til er um þjóðdansa og þjóðbúninga og miðla henni áfram til komandi kynslóða. Sérstaða íslensku þjóðdansanna er, að dansarar syngja íslensk þjóðlög sem dansað er við. Einnig vill félagið stuðla að almennri þátttöku í dansi. Félagið hefur sýnt hér á svæðinu og víðar nokkrum sinnum á ári, svo sem á heimilum eldri borgara á Eyjafjarðar-svæðinu, Þjóðlagahátíð á Siglufirði, starfsdögum í Laufási, Akureyrarvöku og við ýmis önnur tækifæri.

Félagið tók þátt í samnorrenu móti í Færeyjum árið 2007 og aftur í Reykjavík árið 2010. Vefarinn hefur tvívegis tekið á móti þjóðdansahópum frá Danmörk og átt samstarf við fleiri félög, íslensk og erlend. Í tengslum við þessar gestakomur voru sýndir norrænir þjóðdansar á fjórum stöðum á svæðinu þ.e.a.s. Laufási, Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri, Ráðhústorginu á Akureyri og á Þjóðlagahátíð á Siglufirði. Þá fóru félagar í Vefaranum til Kanada sumarið 2011 og tóku þar þátt í hátíðarhöldum á Íslendingadögum í Gimli og Manitoba. Á árinum 2012 kom félagið fram á starfsdögum við Bustarfell í Vopnafirði einnig á bryggju á Akureyri í tengslum við skemmtiferðaskipakomu, á afmæli Minjasafns Akureyrar og í opnunaratriði Akureyrarvöku.